

Pési



Lesið þetta

- Vorið góða grænt og hlýtt
- Fréttir frá skrifstofu
- Auglýsingar
- Tónleikar
- Fundir

Næsti Pési kemur út 15. maí. Skil á efni er 12. maí

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	3
Tónleikar	5
Brú á Hvítá	7
Kvenfélagið	12
SS fréttir	15
Bæn- damarkaður	22

Apríl 2009

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólfur Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

19. árgangur. 226. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Gos í Kópvatnsholunni

Hannibal Kjartansson hefur ódrepandi áhuga fyrir orkumálum í hreppnum og reyndar á landsvísu. Um bænadagana stóðst hann ekki freistinguna og blés með lítilli loftdælu í Kópvatnsholuna með þeim árangri að hún gaus. Þetta er eitthvað sem Hannibal hefur alltaf verið viss um að myndi gerast. Þannig að nú er hann enn sannfærðari um að holan eigi eftir að skila okkur enn meiri orku heldur en áður var áætlað. Með Hannibal í þessum tilraunum var Einar Harðarson og lyftist mjög á þeim brúnin þegar holan gaus í virðingarskini við þá féлага. Mynd af gosinu er hér í blaðinu.

Frá gosinu í
Kópsvatnsbor-
holunni þann 11
apríl sl.Ljósm:
Hannibal
Kjartansson



Esther og Jóhann
á Sólheimum í
mjaltabásnum.
Hann er sá fyrsti
sinnar tegundar á
landinu, en fjósið
var byggt árið
2005



Vorið góða grænt og hlýtt

Vorið nálgast óðum með öllum þeim önnum sem því fylgja, nýju lífi og nýjum tækifærum. Sumardagurinn fyrsti á næsta leyti. Farfuglarnir flykkjast til landsins og bjartsýni okkar vex eftir ótrúlega stormasaman vetur. Þar á ég ekki við veðráttuna heldur hrún efnahagslífsins sem ekki er útséð hverjar verða lyktir á. Óhætt er að segja að Hrunamenn séu menn vorsins. Sauðfjár-bændur undirbúa nú af kappi sauðburðinn, garðyrkjumenn sá og vænta góðrar uppskeru um leið og bændur undirbúa jörðina með plægingu á-burðargjöf á túnin og allt er þetta gert með þá von í brjósti að uppskeran verði sem mest og best í þess orðsins fyllstu merkingu. Áhugavert er að fylgjast með ört vaxandi kornrækt í hreppnum og fyrirtækjum sem verða til í sambandi við úrvinnslu þeirra afurða. Við efnahagshrunið erum við minnt á hve mikils virði frumframleiðslugreinarar eru s.s. landbúnaður og fisk-veiðar. Á sama hátt getum við glaðst yfir náttúruauðlindum okkar s.s. jarðhitanum sem við eigum í svo ríku mæli hér í Hrunamannahreppi. Enn eigum við fjölmarga möguleika á nýtingu hans. Menn huga enn frekar að sjálfbærni á sem allra flestum sviðum og þar eigum við enn langt í land. Allar rannsóknir benda til þess að í framtíðinni verði hægt að nýta jarðvarmann í Hrunamannahreppi til framleiðslu rafmagns en rafmagnsnotkun er hér gríðarleg. Fullrytt er að t.d. garðyrkjubýlið að Melum noti ámóta mikla raforku og íbúar á Eyrarbakka og Stokkseyri til samans. Þetta leiðir einnig hugann að verðlagningu á raforku á Íslandi, hvernig verðlagningu er háttað til hinnar grænu stóriðju. Vert er að vekja sérstaka athygli á þeim gjald-eyrissparnaði sem felst í því að framleiða matvöru hér á Íslandi og á hvern hátt það skiptir máli fyrir þá þéttbýliskjarna sem hreinlega eru byggðir upp í kringum marvælaframleiðslu og matvælavinnslu. Ferðamenn flykkjast til landsins um þessar mundir sem hleypir lífi í ferðaþjónustuna sem er ört vaxandi atvinnugrein. Íslendingar ferðast í auknu mæli um eigið land en þjónusta við ferðamenn er sífellt að aukast. Atvinna er undirstaða mannlífs á Íslandi. Fjölskyldur landsins þrífast ekki nema að atvinna sé fyrir hendi og sterk fyrirtæki. Nauðsynlegt er að atvinnugreinarar séu sem sjálfstæðastar og sjálfbærastar. Þó að ríkið hafi nú tekið yfir ótrúlega mörg fyrirtæki er ólíklegt að því verði þannig háttað í framtíðinni. Kraftur einstaklinganna verður að fá að njóta sín hvernig svo sem rekstrarforminu verður háttað. Íslendingar eru dugleg þjóð, þrátt fyrir að í augnablikinu gefi hressilega á bátinn þar sem örfáir einstaklingar hafa hagað sér eins og landráðamenn. Hins vegar þýðir ekkert að gefast upp. Vítin eru til að varast þau. Við treystum á vorið og nýjan uppskerutíma á sem flestum sviðum á Íslandi. Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri

Traktor með Kleinulykt!

Sjálfbærni er mikið tískuorð í dag enda er sjálfbærni á sem flestum sviðum mikilvæg til framtíðar. Þeim er ekki fisjað saman hinum hugmyndaferi og framtaksömu eignendum Gólfskálans í Efra-Seli. Þau nota steikarfeitinna af frönsku kartöflunum á gamla góða Massey Fergusoninn. Kleinulyktin sem ilmar þegar traktorinn er settur í gang hefur góð áhrif á færni golfspilara á vellinum. Þetta leiðir einnig oft til þess að menn spila völlinn á sérstökum hraða því matarlystin eykst einnig talsvert við lyktina. Þetta kallar maður að nýta hlutina á jákvæðan hátt og ekki þarf að greiða þungaskatt af eldsneytinu! „Þungaskatturinn“ af feittinni bitnar á golfleikurunum sem bræða hana í hverju spori og hverju höggi sem slegið er!

Stórveisla Gröfutaeknismanna

Það var mikið um dýrðir í síðustu viku þegar eigendur Gröfutaekni ehf. héldu uppá 15 ára afmæli fyrirtækisins. Eigendurnir þeir bræður Hörður og Þórarinn blésu til heljarinnar samkomu þar sem öllum hreppsþúum og viðskiptavinum fyrirtækisins var boðið í nýtt iðnaðarhúsnæði við Iðjuslóð. Fyrirtækið hefur flutt starfsemi sína í húsið. Farðir þeirra, Úlfar Harðarson er eigandi hússins. Húsið er hið glæsilegasta. Úlfar reisti á sínum tíma fyrsta húsið í gamla iðnaðarhúshverfinu og svo skemmtilega vill til að hann reisti einnig fyrsta iðnaðarhúsið í hinu nýja hverfi okkar við Iðjuslóð. Þessum athafnamönnum er óskað til hamingju með þessi tímamót og hreppsþúar þakka þeim veisluna. Áður hafði Úlfar efnt til annarrar veislu þegar búið var að reisa húsið og steypa gólfið. Nú er um að gera fyrir aðra athafnamenn að fylgja í kjölfar þeirra feðga því enn eru lausar iðnaðarlóðir á hinu nýja iðnaðarsvæði.

Frestun á vígslu reiðhallaunnar

Til stóð að vígja nýja Reiðhöllina í Torfdalnum sunnudaginn 19. apríl. Af óviðráðanlegum ástæðum hefur athöfninni verið frestað um óákveðinn tíma. Nýja reiðhöllin mun gerbreyta aðstöðu hestamanna í uppsveitum Árnassýslu. Ánægjulegt er að vita til þess að með í uppbyggingu hallarinnar eru grannar okkar úr Bláskógabyggðinni í Hestamannafélaginu Loga. Hestamannafélagið Smári starfar bæði í Hrunamannahreppi sem og í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og hér er um kærkomið samvinnuverkefni að ræða sem uppsveitamenn geta verið stoltir af.

Vínbúð opnar í sumar

Í síðustu viku var skrifað undir leigusamning um vínbúð í gamla bankahúsinu við Akurgerði. Verslunin verður opnuð í sumar. Margir hafa velt fyrir sér nafni á verslunina. Í framhaldi af umfjöllun Fréttablaðsins um vínbúðina eru margir sem vilja kalla verslunina vínkjallarann. Aðrir vilja kalla verslunina vínbankann. Vínbúð sem þessi er hluti af þjónustu fyrirtækisins við viðskiptavini en áfram eru Hrunamann hvattir til þess að fara vel með guðaveigarar.

Stuðmaðurinn Egill syngur með karlakórnum

Uppskeruháðið kóranna okkar fer nú í hönd. Egill Ólafsson, Stuðmaður, mun syngja á lokatónleikum Karlakórs Hreppamanna 18. apríl n.k. í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Tónleikarnir hefjast kl. 20.30. Tónleikarnir verða endurteknir í Selfosskirkju 9. maí n.k. Nú er að vita hvort Egill „slær í gegn“ með kórnum. Því er haldið fram að karlakórinn sé að æfa sviðsframkomu og ákveðin spor og hreyfingar til þess að lífga uppá flutninginn. Aðalsteinn Þorgeirsson hefur ekki viljað staðfesta þetta, en hann þykir enn léttstígari nú en oft áður sem leiðir til vangaveitna um ný stílbrögð kórfélaga.

Vörðukórinn syngur íslenska leikhústónlist

Vörðukórinn efnir til söngskemmtunar síðasta vetrardag. Kórinn hefur æft af kappi sönglög úr íslenskum leikritum. Þarna er um að ræða bráðskemmtileg lög bræðranna Jóns Múla og Jónasar Árnasona. Þá verða flutt lög úr leikverkum Nóbelskáldsins Halldórs Laxnes. Þarna verður fléttað saman kórsöng, einsöng, dúettum, kvartettum, gaman- og alvörumálum, allt á einni kvöldstund. Það er nauðsynlegt að létta sér lund þó ekki væri nema fyrir kosningarar. Síðasti vetrardagur er 22. apríl og tónleikarnir verða í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum og hefjast kl. 20:30.

Uppsveitasystur – samsöngur

Uppsveitasystur hafa lagt nótt við dag í æfingar að undanfögnu enda stendur mikið til. Þær syngja ásamt tveimur öðrum kórnum á Suðurlandi, Jórúkórnum á Selfossi og kvennakórnum Ljósbrá úr Rangárþingi, á þrennum spennandi tónleikum. Fyrstu tónleikarnir verða í Félagsheimilinu Flúðum 30. apríl kl. 20.30 þar verður kaffishúsastemning, síðan syngja þær í Félagsheimilinu á Hvoli á Hvolsvelli 2. maí kl. 20.30 og þar verður vorstemning og loks verða tónleikar í Selfosskirkju 3. maí kl. 15.00.

Kjörsskrárstofn

Hagstofa Íslands hefur sent kjörsskrárstofn þar sem íbúar hreppsins geta kannað hvort þeir eru ekki örugglega á kjörskrá fyrir kosningarnar 25. apríl næstkomandi. Innan tíðar mun kjörstjórn taka til starfa undir forystu Lofts Þorsteinssonar en með honum í kjörstjórn eru Rut Guðmundsdóttir og Guðríður Þórarinsdóttir. Varamenn í kjörstjórn eru: Jóhanna B. Ingólfssdóttir, Gunnlaugur Magnússon og Kristinn Valgeirsson. Kjörfundur verður auglýstur síðar en að vanda verður kosið í Félagsheimili Hrunamanna.

Hjálmur varð að Hjálmari

Einn er sá púki sem laumast og gerir okkur stundum lífið leitt þegar við erum að skrifa Pésann. Ritstjórinn ber alla ábyrgð á því þegar villu og ambögupúkinn fer á stjá. Þetta gerðist m.a. þegar við fjölluðum um nýjan formann hjónaballsnefndar í síðasta blaði. Hann heitir auðvitað ekki Hjálmar heldur Hjálmur og er Hjálmur Pétursson beðinn afsökunar á þessu. Á dögunum barst okkur skýrsla vegna úttekta á öryggisatriðum í íþróttahúsi og sundlaug í skýrslunni var talað um Harald húsvörð íþróttahúsinu. Enginn kannaðist við þennan Harald sem átti auðvitað að vera Bolvíkingurinn knái, Hjálmar Gunnarsson Vestfirðingur í skýrslunni. Þannig að víðar fer villupúkinn um fleiri síður en í Pésanum.

Nýtt tjaldsvæði í Stekkjarhvammi

Þeir Trogsmenn vinna hörðum höndum að því að undirbúa nýja tjaldsvæðið í Stekkjarhvammi á Flúðum. Fyrstu gestirnir munu tjalda þar eða koma með tjaldvagna nú í vor. Unnið er að uppsetningu hreinlætisaðstöðu og hvers konar aðstöðu sem tengjast svæðum sem þessum. Þetta svæði á eftir að verða skemmtilegt útivistarsvæði bæði fyrir gesti og heimamenn.

Beggi og Pagas á Flúðum

Vinirnir Beggi og Pagas sem frægir urðu á Stöð 2 fyrir skömmu þegar þeir tóku þátt í að skipuleggja íbúð í skemmtipættinum Hæðin, hafa tekið sérstöku ástfóstri við Gistiheimilið Grund. Pagas þykir listakokkur og mun hann verða gestakokkur innan tíðar á gistiheimilinu. Hann er sérfræðingur í grænmetis- og hollusturéttum en hvergi er hægt að fá betra grænmeti en einmitt hér. Spennandi tímar framundan fyrir alla sem unna góðum og hollum mat.

Brú og Bræðratunguvegur í auglýning

Það gleður uppsveitafólk og reyndar marga fleiri að nú er langþráð brú yfir Hvítá við Bræðratungu og tilheyrandi vegur loks að verða að veruleika þar sem Vegagerðin hefur auglýst útboð á þessari framkvæmd. Þessar vegabætur munu valda byltingu hér í uppsveitunum. Vegurinn mun auka öll samskipti sveitarfélaganna, efla atvinnusvæðið, breyta ferðamannamynstrinu. Gamalt máltæki segir að góðir hlutir gerist hægt en það má þó svo sannarlega segja um þessar hugmyndir sem eru í nú í sjónmáli. Brú yfir Þjórsá við Árnes mun einnig hafa mikil áhrif á samskipti Rangárvallasýslu og Árnessýslu. Einhverju sinni var ort, á góðri stund, þegar samvinnuverkefni þessara sýslna var í deigluinni í Þorlákshöfn og veisluhöld stóðu sem hæst:

Hér er margur sæll í sinni.

Sýslurígur burtu fer.

Þjórsá verður minni og minni

því meira sem að drukkið er

Sýning Sigga í Syðra að ljúka

Um þessar mundir er afar skemmtilegri og fróðlegi sýningu að ljúka í menningarsetrinu í Skálholti, opið verður um þessa og næstu helgi auk þess sem opið verður á sumardaginn fyrsta. Þetta er sýning á mjög merkilegum ljósmyndum Sigurðar Sigmundssonar frá Syðra-Langholti. Sigurður hefur mjög næmt auga fyrir skemmtilegum „motivum“ og það liggur við hægt sé að lesa af vörum þeirra sem eru á myndunum. Gaman væri t.d. að vita hvað þeir vinirnir sem nú eru komnir yfir móðuna miklu þeir, Guðmundur í Akurgerði og Sigurður á Hverabakka eru að hvísla hvor að öðrum. En það er einmitt ein af fjölmörgum skemmtilegum myndum Sigurðar á sýningunni. Við óskum Sigurði enn og aftur til hamingju með sýninguna og þökkum honum og öðrum þeim sem komu henni á koppinn.

Tiltekt í tilefni sumars

Hrunamannahreppur er án efa einn fegursti hreppur landsins. Náttúran er einstök og fjölbreyntin gríðarleg. Margir umgangast náttúruna með einstakri tillitsemi, fallett er að líta til þeirra býla þar sem vel er um gengið sem og til allra þeirra sem kappkosta að ganga vel um. Á sama hátt stingur mjög í augun þar sem umgengni er ábótavant sem því miður sést of víða. Þesinn hvetur alla íbúa hreppsins til þess að gera sérstakt hreinsunaráttak með hækkandi sól og við stefnum að því að fyrsta áfanga þess ljúki fyrir hvítasunnu og helst fyrr. Ekki hefur ruslamálaráðherra verið skipaður og eru allar tillögur vel þegnar. Við munum kappkosta að útvega gáma og aðstoða eftir föngum. Góð umgengni er ekki aðeins stolt okkar heimamanna heldur líka undirstaða þess að hreppurinn verði enn vinsælli ferðamannastaður sem við getum verið stolt af. Það kostar litla peninga að ganga vel um en ánægjan er margföld.

Ársreikningur Hrunamannahrepps

Ársreikningur Hrunamannahrepps var lagður fram til fyrri umræðu í upphafi þessa mánaðar. Seinni umræða fer fram í síðasta lagi í upphafi næsta mánaðar en samkvæmt lögum ber að bera fram ársreikning og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga í tveimur umræðum. Rekstur sveitarfélagsins hefur batnað á síðustu árum. Hins vegar setur hár fjármagnskostnaður strik í reikninginn hjá okkur sem og hjá fjölmörgum öðrum sveitarfélögum, einstaklingum og atvinnurekendum. Ljóst er að sveitarfélög verða að kappkosta, þar sem það er mögulegt, að hver rekstrareining standi undir kostnaði en enn eigum við langt í land hvað það varðar, varðandi ákveðnar greinar s.s. kalda vatnsveitu, leigu húsnæði, sorphreinsun o.fl. mætti nefna. Þessir þættir hafa verið að þróast til eilítið betri vegar á undanförunum árum hjá okkur. Við megum ekki gleyma að gott neysluvatn er undirstaða hreinna afurða og það kostar mikla peninga að leiða það um hreppinn og enn höfum við ekki getað þjónustað alla þá er áhuga hafa á að tengjast vatnsveitunni.

Sprækir knattspyrnumenn

Heimir Gunnarsson, knattspyrnuþjálfari hefur ódrepani áhuga og er duglegur við að miðla af þekkingu sinni til ungra og efnilegra knattspyrnumanna í hreppnum. Þannig er hann með lið á Íslandsmótinu í þriðja flokki undir merkjum UMFH en grannar okkar eru með sameiginleg lið í margfalt stærri samfélögum. Árangur er svo sannarlega að skila sér þannig hefur 3. flk. karla unnið þrjá af fjórum æfingaleikjum og gert eitt jafntefli. Guðmundur Aron Víðisson og Hafþór Ragnarsson æfa nú með Fjölni í 4. flokki karla en þar er Sigfús sonur Heimis þjálfari. Þá hefur Héðinn Harðarson verið valinn í landsliðsæfingahóp U 17 í knattspyrnu.

Duglegir námsmenn

Ritstjóra Pésans hefur verið bent á að hér í hreppnum eru margar duglegar húsmæður sem eru á kafi í háskólanámi ásamt öllu öðru sem þær eru að fást við bæði í vinnu, heimilisstörfum og fleiru sem til fellur hjá atorkumanskjum. Nefna má Lilju Helgadóttur sem er í lokaáfangi í viðskiptafræði, Guðnýju Arngrímsdóttur sem er að læra hjúkrun, Valdísi Magnúsdóttur sem er að læra að verða þroskaþjálfari, Mörту Jónsdóttur sem er að læra sagnfræði. Hugsanlega vantar nöfn í þessa upptalningu og þá er um að gera að benda okkur á það. Hins vegar er þetta afar ánægjuleg þróun og sýnir að ýmislegt skemmtilegt og uppbyggilegt er hægt að gera sé vilji og áhugi fyrir hendi.

Viðtalstími útibússtjóra Kaupþings.

Kristófer Arnfjörð Tómasson útibússtjóri Kaupþings verður með viðtalstíma á skrifstofu Hrunamannahrepps þriðjudaginn 21. apríl n.k. frá kl. 14.-16.00 Til greina kemur að útibússtjórinn verði á Flúðum einu sinni til tvisvar í mánuði. Þessar heimsóknir eru gerðar í tilraunaskyni.

Verðlaunin voru golfferð á Selsvöllinn

Daníel Halldórsson frá Efra Seli á fyrirtæki skammt frá Gardemoen flugvelli-
num í Noregi. Fyrirtækið heitir Scan faier. Í fyrrasumar var efnt til golfmóts
slökkviliðsmanna í Lillehammer í Noregi. Verðlaun á golfmótinu voru ferð
tíl Íslands á landsmót slökkviliðsmanna á Akranesi og einnig spilamennska
á golfvelli á Efra-Seli. Halldór Guðnason hefur tálgað út og málað verð-
launagripum sem afhentir verða á golfmótum á Selsvellinum í sumar. Myndir af
verðlaunagripunum birtast hér í Pésanum. Til gamans má geta þess fyrir þá
sem ekki vita, að Daníel Halldórsson er nafni afa síns Guðmundssonar sem
lengi var oddviti Hrunamanna.



Vortónleikar Karla­kórs
Hreppamanna

Verða í Fé­lagsheimilinu á Flúðum
laugardaginn
18. apríl kl. 20:30

Söngskráin er fjölbreytt.

Með á tónleikunum verða
Egill Ólafsson “Stuðmaður”
og

Stefán Þórhallsson slagverksleikari.

Tónleikarnir verða endurfluttir í Selfoss-
kirkju 9.maí
kl. 17:00
ásamt gestakór.

Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is



Fjallaraf

sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffraeðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

Aðalfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps var haldinn 17. mars síðastliðinn. Þar var endurkjörinn gjaldkerinn, Arnfríður Jóhannsdóttir og einnig voru kosnir eftirfarandi meðstjórnendur: Helena Eiríksdóttir, Ingibjörg Steindórsdóttir og Sigríður Jónsdóttir. Fjórar konur hafa gengið til liðs við okkur á síðustu mánuðum og er þeim vel fagnað. Öllum konum eru þökkun vel unnin störf í nefndum sem og stjórn og nýjar nefndir boðnar velkomnar til starfa. Störf okkar kvenfélagskvenna eru oft vanþökkuð og gert lítið úr þeim en okkar aðalmarkmið er ósköp einfalt: AÐ LÁTA GOTT AF OKKUR LEIÐA! Nú síðast sáum við hversu megnug við erum öll ef við stöndum saman, þegar við létum í okkur heyra varðandi niðurskurð á **Sjúkrahúsi Suðurlands**. Ekki ætlum við alfarið að þakka undirskriftasöfnuninni því að hætt var við niðurskurðinn en við erum ekki í vafa um að það hefur haft mikið að segja. Samtakamátturinn er nefnilega mikils megnugur og við þökkum öllum þeim sem lögðu okkur lið í þessari undirskriftasöfnun, konum sem körlum. Sérstaklega er þetta gleðilegt fyrir allar varðandi mæður hér á Suðurlandi!! Samtök sunnlenskra kvenna sem eru samtök kvenfélaga á Suðurlandi, stóðu fyrir þessari undirskriftasöfnun.

Ágóði af þorablóti Kvenfélagsins rann til hinnar nýstofnuðu félagsmiðstöðvar Zero, sem stofnuð er af sveitarfélögum tveimur, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þeim peningum hefur verið varið til kaupa á hluta af hljóðkerfi og hljómtækjum. Jafnframt styrkti Kvenfélagið Ljósheima, hjúkrunardeild Sjúkrahúss Suðurlands, með kaupum á hægindastól en hann var afhentur á 25 ára afmæli Ljósheima nú nýverið.

Framundan hjá félaginu er vofundurinn og einnig er í bígerð félagsmálanámskeið í samvinnu við fleiri aðila hér á þessu svæði. Ungmennafélag Íslands, í samvinnu við Bændasamtök Íslands og Kvenfélagasamband Íslands, stendur fyrir félagsmálafræðslu um land allt í vetur undir yfirskriftinni „Sýndu hvað í þér býr.“ Hlutverk námskeiðsins er að sjá félagsmönnum fyrir fræðslu í framkomu og fundarsköpum. Þetta námskeið verður nánar auglýst síðar og er það opið öllum.

Kvenfélag Hrunamannahrepps óskar sveitungum og öllum öðrum sem þetta lesa, gleðilegs sumars með þökk fyrir veturinn og vonar að allir gangi glaðir og keikir inn í sumarið. Þessa dagana þurfum við sem aldrei fyrr að standa saman og sýna hvert öðru hlýju og nærgætni því ansi margir finna fyrir krumlu kreppunna.

Allar konur sem vilja láta gott af sér leiða og taka þátt í uppbyggilegu og afar gefandi starfi, eru velkomnar í félagið.

Með þakklæti í huga.

Kvenfélag Hrunamannahrepps

Flúðaleið ehf vantar meiraprófsbílstjóra.

Flúðaleið ehf, sem sér um vöruflutninga fyrir Eimskip og Samskip í uppsveitir Árnassýslu, vantar meiraprófsbílstjóra til að sinna útkeyrslu á sendibílum, flutningabílum og trailerum.

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Pálmari í síma 892-2370 og á netfanginu: fludaleid@simnet.is

Frá Bókasafni Hrunamanna

Opnunartími safnsins er:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Aðgangur að tölvu fyrir almenning gegn vægu gjaldi.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Verið velkomin.

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://www.fludir.is/bokasafn1/>

LANDSTÓLPI

leiðandi fyrirtæki
á landsbyggðinni

Við minnum á búrekstrarvöruverslun okkar

Þar höfum við meðal annars til sölu:

Kálfaduft tvær gerðir, startfóður (musli) fyrir ungfálfa
og framhaldsfóður fyrir eldri kálfa,
Propylenglycol - súrdoðaorkuskotið,
Einnig hestakjarnfóður í 25 kg. pokum

Verið ávallt velkomin

Kálfafóður



Vitalic - hestakögglar



Fjölbreytt úrval festinga

Eigum ávallt á lager milligerðir,
átgrindur, milligrindur,
þriggjaróragrindur, steinbita,
gúmmimottur og renninga ásamt
fleiru í fjósið.



480 5600

landstolpi.is

SS. FRÉTTIR

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands, f. árið 2008, var haldinn að Laugalandi í Holtum föstudaginn 27. mars sl. Kjörnir fulltrúar úr Hrunamannahreppi voru: Bjarni Valur Skipholti, Esther Sólheimum, Eiríkur Grafarbakka og deildarstjóri Jóhanna á Hrafnkelsstöðum. Rekstur félagsins gekk betur en mörg undanfarin ár, en vegna ástandsins í þjóðfélaginu orsökuðu háir fjármagnsliðir mikið tap á félaginu. Þar sem séð var á vordögum 2008 að í óefni stefndi á fjármálamörkuðum var gripið í taumana m.a með lengingu lána og frestun afborgana. Þetta tókst og ekki verða stórar greiðslur fyrr en um mitt ár 2010. Vonandi verður samfélagið farið að ná jafnvægi þá. Á heildina litið stendur sláturfélagið traustum fótum. Bent skal á að hægt er að nálgast allar upplýsingar úr ársskýrslu 2008 á vef félagsins. Aðalfundurinn var fjölmennur og tóku margir til máls. Fram kom í ræðu Steinþórs forstjóra að með inngöngu í ESB myndi íslenskur landbúnaður líða undir lok. Hvatti hann bændur til þess að fylgjast grannt með framgangi mála og vera vel á verði...Félagsstjórn skipti með sér verkum og er Hallfreður Vilhjálmsson Kambshóli nýr formaður þar sem Jónas í Kálfholti gaf ekki kost á sér áfram. Þá tók Esther á Sólheimum við sem varaskoðunarmaður af Haraldi á Hrafnkelsstöðum sem gaf ekki kost á endurkjöri. Dagurinn endaði svo með matarveislu mikilli og skemmtiatriðum. Læt þetta nægja að sinni, en minni á að deildarstjóri er tengiliður við Sláturfélagið og til þjónustu reiðubúinn fyrir ykkur bændur góðir. Með bestu kveðju

Jóhanna á Hrafnkelsstöðum

Ágætu sveitungar.

Fyrir nokkru síðan hirti einhver pípuhlið, sem lá í vegkantinum við veginn inná Laufskálabyggð útfrá Hrunavegi. Viðkomandi kann að hafa haldið að hér væri rusl á ferð, sem landhreinsun væri að fjarlægja, en svo var ekki. Hliðið er einkaeign og átti að koma því fyrir aftur þar sem það var. Viðkomandi er beðinn að skila því aftur á sama stað, þannig að ekki hljóti eftirmálar af.

Þá eru ábendingar vel þegnar í síma 893 6599

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga:	16:00-21:00
Laugardaga:	10:00-18:00
Sunnudaga:	13:00-18:00

Skrifstofa Hrunamannahrepps

Opnunartími hreppsskrifstofu

Mánudaga til föstudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Taktu þér tak með
Herbalife.

Hringdu og fáðu frían
prufupakka

Eva Marín Hlynsdóttir
Sjálfstæður dreifingar-
aðili Herbalife.

siljal@simnet.is / 892

16

6728



í síma:

Hár-Hrun

Klippir í Félagsheimili Hruna-
manna

Vinsamlegast pantið tíma

486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamanna-
hreppur.

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar

Jarðabók Skeiðahrepps eftir Jón Eiríksson bónda í Vorsabæ er komin út. Stórkostleg bók sem allir þurfa að eignast. Í bókinni eru örnefnalýsingar á öllum jörðum á Skeiðum og ábúenda-skrá. Ótal myndir prýða bókina. Hef tekið að mér að hafa bókina til sölu til hagræðis fyrir Hrunamenn og fleiri.

Karl Gunnlaugsson Varmalæk

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. Mánudaga til föstudaga kl. 13:00, Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán



Baggplast skal vera eins hreint og kostur er!

Dæmi: Frágangur á baggplasti hjá notanda.



Farg sett til þöppunar



Farg til þöppunar



Tæming úr kafi



Baggi tilbúinn til fútrings



Baggar tilbúna til fútrings



Hleðsla í gámköli

Til upplýsinga fyrir þá , sem eru að safna plasti
Sumarkveðja
Tómas Þórir Jónsson

Vorkvinnasöngur

Tónleikaröð þriggja sunnlenskra kvennakóra; Jórúkórsins á Selfossi og nágrenni, Uppsveitasystra úr Hreppunum og Kvinnakórsins Ljósbrá frá Hvolsvelli og nágrenni.

Meningarráð Suðurlands styrkti þetta samstarfsverkefni.

Félagsheimilið Flúðum, 30. apríl kl. 20.30, kaffihúsastemning.

Hvoll á Hvolsvelli, 2. maí kl. 20.30, vorstemning

Selfosskirkja, 3. maí kl. 15.00

Þökkum gjafir, vinsemd og hlýju í tilefni af

15 ára afmæli Gröfutækni

Hörður og Þórarinn



Barnapössun

Ég heiti Kristín Helgadóttir og er ellefu ára gömul. Mig langar til að passa börn í sumar, ég passaði tvo stráka í fyrra þannig að ég er nokkuð vön. Ef þið getið notað mig þá má hafa samband við mömmu mína (Ingibjörgu) eða pabba (Helga) í síma 4866513/8980913

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímáttanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Fundarboð.

Aðalfundur Hrepphólasóknar verður haldinn í Safnaðarheimilinu í
Hrepphólum þriðjudaginn 21. apríl nk. kl. 20:30
Venjuleg aðalfundarstörf
Sóknarnefndin

Markaður Unnarholtskoti 1 kj..
Ýmislegt til sölu, allir velkomnir
Opíð til 23 apríl kl 15:00-23:00
Gsm 690 1796

Til sölu.

Get útvegað mikið magn af stórsekkjum 1200 kg eða ca 1m3.
Henta vel undir td. kartöflur og korn, aðeins 500 kr stykkið
Upplýsingar í s: 858 5509 eða í tölvupósti á matti@jardboranir.is

Vígslu Reiðhallar í Torfdal, sem vera átti sunnudaginn
19. apríl, er frestað um óákveðinn tíma.
Nefndin



Frá Ásæl.

Vegna mikilla anna hefur ekki gefist tími til að halda aðalfund og
árshátíð félagsins en það stendur til bóta og er
áætlað að halda bæði,
föstudagskvöldið 5. júní 2009.
Takið það kvöld strax frá
Stjórnin og árshátíðarnefndin



Knattspyrnudeild UMFH

Viljum minna á æfingagjöldin fyrir tímabilið jan – maí 2009
Stjórnin

Tek að mér að skrautrita á kort, gestabækur eða skjöl
fyrir ýmiskonar tilefni.

Nánari upplýsingar í síma 663 9749
Marlín Aldís Stefánsdóttir



lög

Vörðukórinn kynnir !

Söngskemmtun síðasta vetrardag -
Íslensk leikhústónlist.

Vörðukórinn hefur í vetur æft söng-
úr íslenskum leikritum.



Miðvikudagskvöldið 22. apríl flytur kórinn dagskrá í tónum, tali, og leikrænum tilburðum, helgaða íslenskri leikhústónlist. Má þar nefna sönglög Jóns Múla og Jónasar Árnasona úr Deleríum búbónis, Járnhausnum, Allra meina bót o.fl. Einnig verða flutt lög úr leikverkum Halldórs Laxness.

Kórsöngur, einsöngur, dúettar, kvartettar, gamanmál og alvörumál, allt á einni kvöldstund.

22. apríl kl. 20:30 í Félagsheimilinu á Flúðum.

Stjórnandi kórsins er Eyrún Jónasdóttir.

Hljóðfæraleik annast Stefán Þorleifsson, Hjörtur Hjartarson og Róbert Dan Bergmundsson

Bændamarkaður á Flúðum í sumar.

Við erum tvær áhugasamar konur, Hanna og Esther, sem ætlum að hafa opinn Bændamarkað í sumar um helgar á Flúðum. Stefnt er að því að hafa opið alla laugardaga og jafnvel föstudaga og sunnudaga líka ef áhugi er fyrir því. Við stefnum á að opna um Hvítasunnuna.

Við ætlum að leigja út borð fyrir fólk sem getur selt bæði notað og nýtt, grænmeti og handverk og hvað eina sem fólki dettur í hug. Við getum einnig tekið í umboðsölu fyrir aðra gegn prósentum. Sjálfar verðum við með fullt af allskonar varningi.

Gott væri að heyra sem fyrst í því fólki sem áhuga hefur að leigja borð eða fá selt fyrir sig.

Nánari upplýsingar eru hjá: Hönnu s. 4866715, 8498454
og Esther s. 4866590, 8658761.

Fagrar myndir á Flúðum

Nú stendur yfir í versluninni Strax á Flúðum málverkasýning en þar sýnir Agnar R Róbertsson bóndi á Jaðri í Hrunamannahreppi 12 hestamyndir, myndirnar eru olúmyndir. Agnar hefur frá barnsaldri teiknað og málað en það hefur verið brennandi áhugamál hjá honum. Árið 2001 flutti hann á jörðina Jaðar ásamt eiginkonu sinni Kristbjörgu Kristinsdóttur og hafa þau rekið þar hrossaræktarbu síðan.





Eigendur Gröfutékní, þeir Hörður og Þórarinn Úlfarssynir en þann 8.apríl sl var haldið upp á 15 ára afmæli fyrirtækisins í nýju og glæsilegu húsi við Iðjúlóð.



Sigurður Sigmundsson við eina af fjölmörgum ljósmyndum sínum á sýningunni í Skálholti, en nú eru einungis 3 sýningar eftir, 19, 23 og 26 apríl.
Á neðri myndinni er Eiríkur á Grafarbakka með fyrirmálslömb, fædd 2. apríl sl.

